

Bók í tilefni sjötugsafmælis



Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur heiðraður í tilefni af 70 ára afmæli sínu. Gefin var út bókinn *Á sprekamó* af þessu tilefni, safn 70 greina eftir jafnmarga höfunda. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

HELGI Hallgrímsson náttúrufræðingur fékk afhent fyrsta eintak afmælisbókar sem gefin var út í tilefni sjötugsafmælis hans á samkomu sem efnt var til á Sal Menntaskólans á Akureyri.

HELGI Hallgrímsson náttúrufræðingur fékk afhent fyrsta eintak afmælisbókar sem gefin var út í tilefni sjötugsafmælis hans á samkomu sem efnt var til á Sal Menntaskólans á Akureyri. Bókin heitir *Á sprekamó* og hefur að geyma 70 stuttar ritgerðir eftir jafnmarga einstaklinga, en þær spanna vítt svið, sumar fræðilegs eðlis en aðrar af alþýðlegum toga.

Helgi Hallgrímsson býr nú á Egilsstöðum, en hann er þekktastur fyrir rannsóknir sínar í grasafræði, sveppafræði og vatnalíffræði. Hann er að auki áhugasamur um marga hluti, lífheiminn allan og hefur t.d. fjallað töluvert um álfa og huldufólk. Greinarnar í bókinni eiga að endurspeglar þetta fjölbreytta áhugasvið afmælisbarnsins og má þar m.a. finna skrif tengd bókmenntafræði, fornleifafræði, guðfræði, jarðfræði, líffræði, mannfræði, náttúruvernd, sagnfræði og þjóðfræði.

Helgi var fyrir norðan í tilefni af 50 ára stúdentsafmæli sínu og fór vel á að afhenda bókina á sal MA.

Ritnefnd skipuðu þau Sigurður Ægisson sem var ritstjóri, Bjarni Guðleifsson, Hörður Kristinsson, Sigrún Helgadóttir, Steinunn Ásmundsdóttir og Þórir Haraldsson. Bókaútgáfan Hólar gaf bókina út.